

Námskeiðið „Klókir litlir krakkar“ – fyrir foreldra barna á einhverfurófi

Hverjum er námskeiðið ætlað?

Námskeiðið er ætlað foreldrum 4-8 ára barna með þroskafrávik.

Hámarksfjöldi þátttakenda

Á þessu námskeiði er hámarksfjöldi miðaður við foreldra átta barna, það er 16 þátttakendur.

Lýsing

Námskeiðið „Klókir litlir krakkar“ hefur verið notað hér á landi og erlendis um árabíl með góðum árangri þar sem markmiðið er að draga úr kvíðaeinkennum hjá börnum. Námskeiðið hefur verið aðlagð að þörfum foreldra barna með þroskafrávik. Rík áhersla er lögð á umræður og virka þátttöku foreldra til að tryggja að efnið nýtist hverjum og einum sem best.

Milli tíma vinna foreldrar heimaverkefni sem snúa að því að draga úr kvíðaeinkennum barna sinna. Mikilvægt er að foreldrar mæti í alla tímana og mælt er með því að báðir foreldrar sæki námskeiðið.

Í upphafi námskeiðsins og við lok þess eru lagðir fyrir matslistar um kvíðaeinkenni. Námskeiðið er vikulega í þrjú skipti, tvo tíma í senn, frá kl. 13.30– 15.30. Í framhaldinu eru þrjú tímar með tveggja vikna millibili.

Markmið

Að þátttakendur:

- þekki eðli kvíða hjá ungum börnum með þroskafrávik
- þekki leiðir til að takast á við kvíðaeinkenni og draga úr óöryggi barnanna
- geti nýtt sér markvissar aðferðir til að fyrirbyggja frekari þróun kvíða

Umsjón

Guðrún Ólafsdóttir og Katrín Björk Bjarnadóttir, sálfræðingar.